

Rekstraruppgjör 2013

Íþrótt- og tómstundasvið
Reykjavíkur



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Hvernig uppgjörð er unnið.....	3
Rekstramiðurstæða ársins og skipting rekstrar.....	3
Tekjur ÍTR.....	5
Laun og launatengd gjöld hjá ÍTR.....	5
Annar rekstrarkostnaður ÍTR.....	6
Breytingar á áætlun.....	7
Sölustarfsemi.....	7
Viðskiptakröfur.....	8
Ferðakostnaður.....	8
Símakostnaður.....	8
Innri leiga.....	8
Rekstraryfirlit.....	9
Frávíkagreiðing einstakra starfsstæða.....	10
Yfirstjórn.....	10
I1990 Íþrótt- og tómsundaráð.....	10
I2000 Skrifstofa ÍTR.....	10
I400x Hitt Húsið.....	10
Sundlaugar.....	10
I5000 Laugardalslaug.....	11
I5010 Vesturbæjarlaug.....	11
I5020 Sundhöll.....	12
I5030 Breiðholtslaug.....	12
I5040 Árbæjarlaug.....	12
I5050 Grafarvogslaug.....	12
Íþróttamannvirki.....	13
I5031 Íþróttahús í Austurbergi.....	13
I5051 Íþróttahús í Grafarvogi.....	13
I5220 Íþróttahús í Seljahverfi.....	13
I5240 Laugaból.....	13
I5080 Ylströnd.....	13
I5411 Gervigrasvöllur við Austurberg.....	14
I5300 Siglingar í Nauthólsvík.....	14
I540 Þjónusta við félög.....	14
Sameiginlegir liðir.....	14
I8000 Hátíðahöld 17. Júní.....	14
I8400-I8401 Fjölskyldu- og húsdýragarður.....	14
I8460 Sameiginlegur kostnaður.....	14
I8461 Langtímaveikindi.....	14
I8465 Leiga tölvubúnaðar – UTD.....	14
I2010 Kynningar- og markaðsmál.....	15
I2020 Fræðsla starfsmanna.....	15
Styrkir.....	15
I9050 Húsaleiga borgarmannvirkja.....	15
I9320 Húsaleigu – og æfingastyrkir.....	15
I9340 Fristundakort.....	15

Inngangur

Á árinu 2013 skýrði ÍTR í greinargerð til fjármálastjóra að kostnaður á nokkrum starfsstöðum/rekstrareiningum yrði ekki í samræmi við fjárhagsáætlun. Þar munar mestu um kostnað vegna Frístundakortsins, sem er eins og oft hefur verið bent á „opinn tékki“, sem ÍTR hefur ekki áhrif á hvernig þróast milli ára. Einnig var bent á að hækkun Frístundakortsins yki líkur á að nýting þess muni aukast og þar að leiðandi auka útgjöld ÍTR.

Þá var búið að skýra frá því að launakostnaður vegna Laugardalslaugar fór verulega fram úr áætlun. Skýrist það af kröfu heilbrigðiseftirlitsins um fjölgun starfsmanna við laugargæslu. Nú verða að vera tveir laugarverðir við innlaug þar sem áður nægði að hafa einn og er þetta aukning um þrjú stöðugildi. Þessi breyting tók gildi á árinu 2013, þegar reglugerðarbreyting var gerð hjá Umhverfisstofnun.

Þá lenti aukinn kostnaður á Laugardalslaug meðan framkvæmdir stóðu þar yfir, eins og við auka þrif, yfirvinnu starfsmanna og ýmislegt smálegt sem féll til.

Meðan framkvæmdir stóðu yfir í Laugardalslaug dró einnig úr aðsókn að lauginni.

Þá var bent á að rekstur á íþróttahúsinu Laugarbóli myndi fara fram úr áætlun vegna vanáætlunar á orkukostnaði.

Hvernig uppgjörið er unnið

Í skýrslunni er fjallað um:


- Samanburður fjárhagsáætlunar og rekstrarniðurstöðu
- Tekjur
- Launakostnað
- Innri leigu/Húsaleigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – Afskriftir
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreining einstakra starfsstaða

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra starfseininga hjá ÍTR og þau skýrð.

Rekstrarniðurstaða ársins og skipting rekstrar


Rekstrarniðurstaða sviðsins var 5.622 mkr sem er 14 mkr eða 0,25% yfir fjárheimildum ársins. Þar af er krafa frá því 2006 upp á 9,6 mkr sem er gjaldfærð hjá sviðinu á árinu 2013. Að henni undanskilinni er sviðið 4,6 mkr eða 0,08% yfir fjárhagsáætlun ársins.

Styrkir til íþrótt- og æskulýðsmála er stærsti einstaki liðurinn í rekstri ÍTR með 57,6% af



heildarrekstri (á mynd styrkir og Fristundakort), þar af er hluti Fristundakortsins 6,7%. Þar á eftir kemur rekstur sundlauga sem nemur 19,2%.

Rekstur íþróttamannvirkja nemur 8,7% af rekstrinum, sameiginlegur kostnaður 3,8%, Hitt Húsið 3,6% og þá er rekstur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins um 2,8% af rekstri ÍTR.



Þegar sömu köku er skipt eftir einstaka kostnaðarliðum sést að stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er húsaleiga sem nemur 3.091 mkr eða 46,3% af brúttóútgjöldum ÍTR.

Styrkir og framlög eru 1.513 mkr eða 22,6 % af brúttóútgjöldum ÍTR.

Þessir tveir liðir eru því 68,9% af brúttókostnaði sviðsins.

Þá er launakostnaður ÍTR 1.358 mkr eða 20,3% af brúttóútgjöldum og annar rekstrarkostnaður 718 mkr eða 10,8 % af brúttóútgjöldum.

Þá er hluti af öðrum rekstrarkostnaði sviðsins orkukostnaður (rafmagn, hiti, kalt- og heitt vatn) fyrir öll mannvirki ÍTR sem er samtals 201 mkr eða 3,6% af brúttóútgjöldum.

Tekjur ÍTR

Tekjur voru 1.059 mkr, sem er 137 mkr eða 14,9% yfir áætlun. Tekjur sundlauga voru 47 mkr yfir áætlun sem skýrist af auknum tekjum af vöru- og veitingasölu. Tekjur í Fjölskyldu- og húsdýragarði voru 13,1 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir og má einkum rekja til aukinnar veitingasölu. Tekjur Hins Hússins voru 21,1 mkr yfir áætlun sem má rekja til aukinna utanaðkomandi styrkja til verkefna.

Tekjur ÍTR 2013	
Niðurstaða	Áætlun
-1.058.562	-921.488

Tölur eru í þkr.

Tekjur eru 137.074 þkr yfir áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Aukinna tekna vegna vöru- og veitingasölu í sundlaugum (47,3 mkr yfir áætlun)
- Tekjur vegna húsaleigu og æfingastyrkja (26,9 mkr yfir áætlun)
- Tekjur vegna samstarfsverkefna í Hinu Húsinu og frístundastarfs fatlaðra framhaldsskólanema (21,1 mkr yfir áætlun)
- Framlags Vinnumálastofnunar vegna atvinnuátaksverkefna og vítamín-námskeiða (16 mkr yfir áætlun)
- Aukin aðsókn og veitingasala í Fjölskyldu- og húsdýragarðingum (13,1 mkr yfir áætlun)
- Tekna vegna íþróttahúsa (5,5 mkr yfir áætlun)
- Aukinna tekna vegna vöru- og veitingasölu á Ylströnd (2,3 mkr yfir áætlun)

Laun og launatengd gjöld hjá ÍTR

Laun og launatengd gjöld voru um 1.358 mkr, sem er 17 mkr eða 1,2% undir fjárheimildum. Launakostnaður í öllum sundlaugum var 7 mkr undir fjárheimildum, þrátt fyrir að launakostnaður í Laugardalslaugar hafi verið 13,7 mkr yfir fjárheimildum. Ástæður þessa eru kröfur heilbrigðiseftirlitsins um fjölgun starfsmanna við laugargæslu og aukning á yfirvinnu starfsmanna vegna framkvæmda. Launakostnaður vegna atvinnumála var 4,4 mkr yfir fjárheimildum vegna atvinnuátaksverkefna í samvinnu við Vinnumálastofnun. Endurgreiðsla Vinnumálastofnunar vegna atvinnuátaks verkefna er færð sem tekjur. Skíðabrekkur í hverfum voru 4,7 mkr undir fjárheimildum.

Laun ÍTR 2013	
Niðurstaða	Áætlun
1.358.386	1.375.033

Tölur eru í þkr.

Launakostnaður er 16.647 þkr undir áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða

- Lægri launakostnaður hjá Hinu Húsinu vegna samstarfsverkefna og frístundar fatlaðra (6,4 mkr undir áætlun)
- Kostnaður vegna veikinda var töluvert lægri en undanfarin ár (6,2 mkr undir áætlun)
- Lægri launakostnaður vegna skíðabrekkna á höfuðborgarsv. (4,7 mkr undir áætlun)
- Atvinnuátaksverkefna í samstarfi við Vinnumálastofnun (4,4 mkr undir áætlun)
- Lægri launakostnaður í sundlaugum 3,9 mkr undir áætlun
- Hærri launakostnaður vegna Ylstrandar vegna vetraropnunar (2,9 mkr yfir áætlun)
- Hærri launakostnaður vegna reksturs Siglinga í Nauthólsvík (2,1 mkr yfir áætlun)
- Hærri launakostnaður vegna reksturs íþróttahúsa (1,5 mkr yfir áætlun)

Annar rekstrarkostnaður ÍTR

Annar rekstrarkostnaður var um 5.322 mkr, sem er 168 mkr eða 3,3% yfir fjárheimildum. Nýting Frístundakortsins var um 21 mkr meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Þá var krafa að fjárhæð 9,6 mkr frá árinu 2006 vegna Ungs fólks í Evrópu afskrifuð. Síðan hafa fallið til aukin útgjöld vegna vörukaupa í veitingasölum starfsstaða vegna aukinnar sölu en annar rekstrarkostnaður hjá sundlaugum var 45,9 mkr yfir fjárheimildum sem rekja má til hærri kostnaðar við aðföng. Laugarból var 8,8 mkr yfir fjárheimildum vegna hætti orkukostnaðar og Hitt Húsið var 9,7 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist af auknum verkefnum þar sem tekjur í formi styrkja koma á móti.

Annar rekstrarkostnaður ÍTR 2013	
Niðurstaða	Áætlun
5.321.872	5.154.018

Tölur eru í þkr.

Annar rekstur er 167.854 þkr yfir áætlun ársins, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Aukinn rekstrarkostnaður hjá Sundlaugum (45,9 mkr yfir áætlun)
- Aukinn kostnaður vegna styrkja ÍTR. Þó ber að hafa í huga að tekjur upp á 26,9 mkr bættust við líka (33,4 mkr yfir áætlun)
- Ráðstöfun Frístundakortsins (21 mkr yfir áætlun)
- Aukinn rekstrarkostnaður hjá Fjölskyldu og húsdýragarðinum (11,7 mkr yfir áætlun)
- Aukinn rekstrarkostnaður vegna Vinnumiðlun ungs fólks (10,1 mkr yfir áætlun)
- Samstarfsverkefna í Hinu Húsinu, á móti koma hærri tekjur (9,7 mkr yfir áætlun)
- Krafa frá 2006 vegna Ungs fólks í Evrópu sem var afskrifuð (9,6 mkr yfir áætlun)
- Laugarból orkukostnaður sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun (8,8 mkr yfir áætlun)
- Aukinn rekstrarkostnaður hjá Ylströndinni í Nauthólsvík (4,8 mkr yfir áætlun)
- Vanáætluð innri leiga 4,6 mkr (yfir áætlun)
- Aukinn kostnaður vegna vegna skíðabrekkna á höfuðborgarsv. (3,7 mkr yfir áætlun)
- Aukinn rekstrarkostnaður vegna íþróttahúsa (3 mkr yfir áætlun)
- Aukinn rekstrarkostnaður vegna tölvubúnaðar (1,8 mkr yfir áætlun)
- Aukinn kostnaður vegna 17. júní (1,5 mkr yfir áætlun)

Breytingar á áætlun

Nokkrar breytingar voru gerðar á fjárhagsáætlun ÍTR á árinu með samþykkt borgarráðs og borgarstjórnar.

Fjárhæð	
Upprunaleg áætlun ÍTR 2013	5.549.928.000 kr.
Hækkun á framlagi til Skíðasvæðanna	5.900.000 kr.
Breyting á gjaldskrá UTD	715.000 kr.
Breyting á gjaldskrá UTD	519.000 kr.
Tilfærsla á fjárheimildum vegna Skáksambands Ísl.	3.500.000 kr.
Lengd viðvera fatlaðra framhaldsskólanema - Hitt húsið	47.000.000 kr.
Samtals breyting	57.634.000 kr.
Endurskoðuð áætlun ÍTR 2013	5.607.562.000 kr.

Sölustarfsemi

Á mörgum starfstöðum ÍTR eru starfræktar sölubúðir í einhverju formi. Heildarvelta þessarar starfsemi á árinu 2013 nam 151.802 þkr. án virðisaukaskatts og er það aukning um 7,4% frá fyrra ári. Framlegð hefur farið lækkandi í flestum laugum og má rekja það til aukinnar sölu strætókorta sem eru seld með lítilli framlegð.

Þús.kr.	Árb.laug	Breiðh.laug	Grafav.laug	Laugard.l.	Sundhöll	Vestb.laug	Ylströnd	Fjsk.garður
Sala	21.349	10.350	26.255	35.076	1.390	9.668	6.875	40.839
Birgðir 1/1	1.223	1.098	1.185	1.567	228	0	0	1.191
Innkaup	16.103	8.433	22.502	28.061	633	8.285	5.532	20.845
Birgðir 31/12	-1.059	-1.012	-1.341	-1.878	-364	0	0	-1.721
KSV	16.267	8.519	22.346	27.750	497	8.285	5.532	20.315
Álagning	5.082	1.831	3.909	7.326	893	1.383	1.343	20.524
Álagning % '13	31,2%	21,5%	17,5%	26,4%	179,7%	16,7%	24,3%	101,0%
Álagning % '12	43,0%	26,7%	20,5%	29,5%	61,2%	16,8%	53,5%	74,4%
Álagning % '11	42,3%	43,3%	21,9%	50,1%	31,7%	32,5%	81,0%	124,2%
Álagning % '10	41,0%	52,0%	26,7%	47,4%	65,6%	64,3%	82,8%	97,2%
Álagning % '09	40,8%	37,9%	18,1%	52,7%	139,6%	69,0%	81,8%	97,4%
Álagning % '08	69,5%	61,8%	105,7%	54,2%	52,3%	68,9%	55,6%	77,9%
Álagning % '07	78,5%	96,5%	48,7%	59,8%	63,4%	61,8%	100,3%	90,0%
Álagning % '06	83,4%	59,4%	55,0%	54,5%	15,1%	50,9%	65,4%	73,8%
Álagning % '05	58,6%	40,8%	52,9%	37,6%	19,1%	20,8%	69,2%	83,8%
Álagning % '04	46,1%	45,8%	40,7%	27,8%	44,9%	31,6%	79,2%	69,9%
Álagning % '03	52,5%	19,8%	47,9%	33,7%	55,6%	55,6%	59,1%	81,0%

Viðskiptakröfur

Í árslok voru ógreiddar viðskiptakröfur að fjárhæð kr. 31.881.690
Aldurgreining krafna er:

Ár	Fjárhæð
2013	10.144.306
2012	8.327.213
2011	2.206.915
2010	1.299.186
2009 og eldra	9.904.070
	31.881.690

Elstu kröfurnar hafa verið í lögfræðinnheimtu og verður að telja litlar líkur á innheimtu þeirra.

Ferðakostnaður

Farnar voru 32 ferðir í tengslum við starfsemi ÍTR árið 2013, þar af 4 innanlands. Almennt séð var ekki veitt heimild til utanfarar nema búið væri að tryggja 100% fjármögnun ferðar með styrkjum, þannig að ekki félli kostnaður á ÍTR. Bókfærður nettókostnaður ÍTR eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er kr. 2.655.094.- en þar vega mest ferðir fulltrúa og fagráðs ÍTR á vinabæjarráðstefnu í Turku og á sýningu í Köln, fundur vegna smáþjóðaleikanna ofl. Þá er ferð á vegum FHG sem var heimsókn í Science Cirkus, Vilvite vísindasafnið og sjávardýrasafnið í Bergen. Styrkir koma til með að koma á móti hluta af kostnaði en hafa ekki borist.

Símakostnaður

Samtals eru 107 GSM símar á skrá hjá ÍTR og þar af eru farsímasamninga við notendur 51 númers. Mismunurinn stafar að miklu leyti af því að í nokkrum símstöðvum er GSM kort til að nýta alltaf mögulega lægsta verð við símtal úr borðsíma, einnig er nokkuð um GSM posa og einnig eru nokkrir GSM símar nýttir í staðinn fyrir talstöðvar í sundlaugum. Heildarkostnaður vegna GSM notkunar á árinu var kr. 2.389.948,-. Kostnaður vegna 9 númera var hærri en samningsviðmið kveða á um. Ástæður umframnotkunar verða skoðaðar og settar í innheimtu ef málefnalegar ástæður eru ekki fyrir umframnotkuninni.

Innri leiga

Innri leiga hjá ÍTR fyrir árið 2013 var 2.084.669 þkr sem er um 37% af nettó útgjöldum sviðsins. Innri leiga hækkaði um 7,3% á milli ára eða 141.806 þkr sem er greidd til Eignarsjóðs.

Rekstraryfirlit

Íþróttta- og tómstundasvið

Íþróttta- og tómstundaráð
Yfirstjórn ÍTR

Yfirstjórn ÍTR

Atvinnumál

Atvinnumál

Hitt Húsið
Siglingar í Nauthólsvík

Tómstundamál

Laugardalslaug
Vesturbæjarlaug
Sundhöll
Breiðholtslaug
Íþróttahúsið Austurberg
Árbæjarlaug
Grafarvogslaug
Íþróttahús Grafarvogi
Ylströnd í Nauthólsvík
Íþróttahús í Seljahverfi
Íþróttahús KHÍ
Laugaból
Þjónusta við félög
Gervigrasvöllur við Austurberg
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða
Skiðabrekkur
Skiðasvæði - fólkvangur
Framlag til Skiðasvæðis höfuðborgarsvæðis
Miðlægur kostnaðarstaður sundlauga

Íþróttamál

Kynningar- og markaðsmál
Fræðsla og jafnréttismál
Rannsóknir og kannanir
Menningartengd starfsemi
Hátíðahöld 17. júní
Fjölskyldu- og húsdýragarður
Sameiginlegur kostnaður ÍTR
Langtímaveikindi og leyfi
Leiga tölvubúnaðar - UTM
Gjaldfærð lausafjar kaup

Önnur starfsemi

Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála
Húsaleiga af borgarmannvirkjum
Byggingastyrkir
Húsaleigu- og æfingastyrkir
Fristundakort

Styrkir

Samtals ÍTR

REKSTUR janúar-desember 2013

Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutfall af Áætlun tímabils	Rekstrar- niðurstaða 2012
	12.514	785	13.298	13.805	507	96%	13.080
	82.994	31.086	114.080	114.787	707	99%	106.989
	95.507	31.871	127.378	128.592	1.214	99%	120.069
	57.601	90	57.690	55.635	(2.055)	104%	100.532
	57.601	90	57.690	55.635	(2.055)	104%	100.532
	68.561	181.251	217.070	228.462	11.393	95%	150.508
	5.222	16.766	21.632	20.404	(1.228)	106%	23.114
	73.783	198.017	114.468	248.866	10.165	96%	173.621
	274.588	258.928	446.286	431.260	(15.366)	104%	406.291
	94.146	86.304	59.701	60.963	1.261	98%	56.116
	62.784	81.199	71.653	94.470	4.402	95%	89.097
	68.510	98.679	133.231	135.064	1.833	99%	124.412
	3.621	3.621	41.225	40.265	(960)	102%	39.785
	106.160	99.714	183.149	188.277	5.129	97%	173.640
	101.676	98.527	154.682	162.630	7.948	95%	141.974
			95.012	92.925	(2.087)	102%	91.318
	11.402	22.714	51.587	46.194	(5.392)	112%	40.294
			44.715	43.961	(754)	102%	42.737
	21.257	15.995	27.965	29.525	1.560	95%	26.470
			154.813	146.026	(8.788)	106%	146.022
			51.914	55.910	3.997	93%	51.190
	15.273		88.295	74.900	1.878	97%	71.219
		4.843	8.442	9.156	714	92%	7.801
		356	6.225	7.278	1.054	86%	6.323
	360		(224)		224		
			82.841	82.841		100%	72.860
	313	11.289	11.401	14.873	3.472	77%	15.927
	760.089	782.170	1.694.313	1.716.394	123	100%	1.603.483
	375		9.313	9.500	187	98%	11.572
			2.067	1.910	(157)	108%	1.863
			904	885	(19)	102%	443
			1.301	2.200	899	59%	731
	3.543	491	18.452	13.502	(1.899)	114%	15.166
	163.371	194.714	126.251	159.711	2.116	99%	139.069
	8.104		3.106	8.685	5.579	36%	3.357
		21.464	21.488	27.616	6.128	78%	27.805
			23.529	21.730	(1.799)	108%	20.825
	1.206		6.713	6.000	(713)	112%	6.559
	176.598	216.670	201.346	251.739	10.321	96%	227.390
			13.622	13.500	(122)	101%	10.072
			873.535	868.959	(4.576)	101%	822.871
			117.450	116.599	(851)	101%	49.123
	48.041		1.905.988	1.850.897	(7.050)	100%	1.755.255
		8.422	377.599	356.259	(21.340)	106%	375.211
	48.041	8.422	3.279.772	3.240.153	(33.939)	101%	3.012.533
	1.058.510	1.358.386	5.321.859	5.607.563	(14.172)	100%	5.237.628

Frávikagreining einstakra starfsstaða

Yfirstjórn

I1990 Íþrótt- og tómstundaráð

Rekstrarniðurstaða Íþrótt- og tómstundaráðs nam 13.298 þkr sem er 506 þkr eða 3,7% undir áætlun ársins. Laun nefndarmanna voru aðeins undir áætlun og eins kostnaður vegna ráðstefnugjalda og fundarkostnaður.

I2000 Skrifstofa ÍTR

Rekstrarniðurstaða skrifstofu ÍTR nam 114.080 þkr sem er 707 þkr eða 0,6% undir áætlun ársins. Launakostnaður nam 82.994 þkr sem er 114 þkr er 0,1% undir áætlun. Annar kostnaður nam 10.685 þkr sem er 770 þkr eða 6,7% undir áætlun. Innri leiga er 20.401 þkr sem er 177 þkr eða 0,9% hærri en áætlun.

I400x Hitt Húsið

Rekstrarniðurstaða Hins Hússins nam 195.549 þkr sem er 17.791 þkr eða 9,1% yfir en áætlun ársins.

Tekjur námu 52.890 þkr sem er 21.077 þkr eða 66,2 hærri en áætlun. Frávikin má rekja til aukinna tekna vegna samráðsverkefna sem höfðu aukin útgjöld í för með sér.

Launakostnaður nam 152.570 þkr sem er 6.373 þkr eða 4 % lægri en áætlun sem rekja má til þess að færri einstaklingar voru í frístund fatlaðra en áætlun gerði ráð fyrir og ekki náðist að manna kvöldnámskeið.

Annar kostnaður nam 95.870 þkr sem er 9.660 þkr eða 11,2% yfir áætlun. Skýringar á frávikum má rekja til aukinna gjalda vegna samráðsverkefna sem höfðu einnig í för með sér auknar tekjur.


Sundlaugar

Í sundlaugar ÍTR komu um 1,8 milljón gesta sem er lækkun um 64 þúsund milli ára. Skýrist það af því að sumarið var ekki mjög sólrikt og hefur það áhrif á aðsókn.

Þá voru einnig framkvæmdir í Laugardalslaug á árinu og var meðal annars lokað í heila viku í júní sem hafði mikil áhrif á aðsókn.

Aðsókn í sundlaugar borgarinnar minnkaði um 63.975 gesti frá fyrra ári, en alls komu 1.757.698 gestir í laugarnar. Undanfarin fimm ár hefur aðsókn verið að meðaltali um 1.816.000 en þar munar miklu um árið 2010 sem var sérstakt að því leyti að börnum og ungmennum var gefið frítt í sund í 6 vikur sem hafði mikil áhrif á aðsókn þess aldurshóps.

Árið	Gestir
2013	1.757.698
2012	1.821.673
2011	1.770.728
2010	1.904.957
2009	1.825.463
2008	1.635.990
2007	1.639.899
2006	1.633.878



Í töflunni „Sundlaugar rekstur“ eru teknar heildartekjur, innri leiga og rekstrarkostnaður sundlauganna frá árunum 2006 – 2013. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2013, þar sem miðað er við meðal neysluvísitölu hvers árs til þess að fá sem réttastan samanburð. Deilt með fjölda gesta ár hvert í heildar kostnaðinn.

Sjá má að tekjur á hvern gest fara vaxandi frá árinu 2010, en fyrir það hafði verið lækkun. Hækkun má rekja til þess að stökum gjöldum í sundlaugar hefur fjölgað og þá hefur gjald vegna borgarstarfsmanna hækkað umfram verðlag s.l. ár.

Innri leiga á hvern gest heldur áfram að aukast.

Rekstrarniðurstaða sundlauganna í heild nam 1.078.853 þkr sem er 8.684 þkr eða 0,8% undir fjárhagsáætlun. Vegna mikillar lækkunar í aðsókn þá hefur það neikvæð áhrif á kostnað á hvern gest.

I5000 Laugardalslaug

Rekstrarniðurstaða nam 446.625 þkr sem er 15.365 þkr eða 3,6% yfir áætlun ársins.

Tekjur námu 274.590 þkr sem er 10.094 þkr yfir áætlun ársins. Tekjur vegna aðgangseyris eru 0,7% undir áætlun ársins sem rekja má til mikilla framkvæmda í lauginni. Tekjur vegna vöru- og veitingasölu eru 5.522 þkr yfir áætlun ársins sem hefur líka áhrif á kostnað vegna aðfanga. Tekjur vegna skólasunds er 3.344 þkr hærri en áætlun vegna meiri notkunar en áætlun gerði ráð fyrir.

Launakostnaður nam 258.928 þkr sem er 13.683 þkr. yfir áætlun ársins. Skýrist þess er sú að kröfur heilbrigðiseftirlitsins um fjölgun starfsmanna við laugargæslu. Þar sem að tveir laugarverðir þurfa að vera við innilaug þar sem áður nægði að hafa einn laugavörður og er þetta aukning um þrjú stöðugildi, sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

Annar kostnaður nam 462.287 þkr sem er 11.776 þkr yfir áætlun, þar af er innri leiga í Laugardalslaug 332.107 þkr. Kostnaður vegna vörukaupa í veitingasölu var 9.324 þkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem endurspeglast í hærri tekjum af veitingasölu. Kostnaður vegna endurnýjunar áhalda og búnaðar er 5.784 þkr yfir áætlun og viðhaldskostnaður var 2.170 þkr undir.

Framkvæmdir í Laugardalslaug

Miklar framkvæmdir hafa verið í Laugardalslaug undanfarin ár og var engin undantekning á því árið 2013. Á árinu voru búningsklefar í lauginni endurnýjaðir. Mikið rask var á meðan og var lauginni meðal annars lokað í heila viku í júní. Framkvæmdum lauk 17. júní þegar laugin var opnuð aftur eftir lokun.

I5010 Vesturbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða nam 59.700 þkr sem er 1.262 þkr eða 2,1% undir áætlun ársins.

Tekjur námu 94.147 þkr sem er 8.553 þkr yfir áætlun ársins. Tekjur vegna aðgangseyris eru 2,2% yfir áætlun ársins en aðsókn jókst um 4,4% milli ára. Tekjur vegna vöru- og veitingasölu eru 7.713 þkr yfir áætlun ársins sem hefur líka áhrif á kostnað vegna aðfanga. Launakostnaður nam 86.304 þkr sem er 785 þkr undir áætlun ársins. Annar kostnaður nam 67.543 þkr sem er 8.076 þkr hærri en áætlun ársins, þar af er innri leiga í Vesturbæjarlaug 28.094 þkr. Kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu var 6.713 þkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem endurspeglast í hærri tekjum.

Framkvæmdir í Vesturbæjarlaug

Framkvæmdir við nýjan pott stóðu yfir á árinu 2013 í Vesturbæjarlaug. Var sú framkvæmd viðamikil en hafði ekki teljandi áhrif á aðsókn í laugina meðan á framkvæmdum stóð. Framkvæmdum var ekki lokið í lok árs 2013.

I5020 Sundhöll

Rekstrarniðurstaða nam 90.068 þkr sem er 4.402 þkr eða 4,7% undir áætlun ársins. Tekjur námu 62.784 þkr sem er 5.035 þkr yfir áætlun ársins. Tekjur vegna aðgangseyris eru 13% yfir áætlun ársins en aðsókn jókst um 7,4% milli ára. Tekjur vegna vöru- og veitingasölu eru 503 þkr. undir áætlun ársins. Tekjur vegna skólasunds er 306 þkr hærri en áætlun vegna meiri notkunar en gert hafði verið ráð fyrir. Launakostnaður nam 81.199 þkr sem er 1.944 þkr yfir áætlun ársins. Annar kostnaður nam 71.653 þkr sem er 1.311 þkr undir áætlun ársins, þar af er innri leiga í Sundhöllinni 53.688 þkr.

I5030 Breiðholtslaug

Rekstrarniðurstaða nam 133.229 þkr sem er 1.835 þkr eða 1,4% undir áætlun ársins. Tekjur námu 68.512 þkr sem er 7.995 þkr yfir áætlun ársins. Tekjur vegna aðgangseyris eru 1,7% undir áætlun ársins en aðsókn dróst saman um 1,5% milli ára. Tekjur vegna vöru- og veitingasölu eru 6.569 þkr yfir áætlun ársins sem hefur líka áhrif á kostnað vegna aðfanga. Tekjur vegna skólasunds er 2.266 þkr hærri en áætlun vegna meiri notkunar en gert hafði verið ráð fyrir. Launakostnaður nam 98.679 þkr sem er 3.944 þkr undir áætlun ársins. Annar kostnaður nam 103.063 þkr sem er 10.104 þkr hærri en áætlun ársins, þar af er innri leiga í Breiðholtslaug 53.795 þkr. Kostnaður vegna vörukaupa í veitingasölu var 5.374 þkr hærri en áætlun sem endurspeglast í hærri tekjum.

I5040 Árbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða nam 183.149 þkr sem er 5.128 þkr eða 2,7% undir áætlun ársins. Tekjur námu 106.160 þkr sem er 5.704 þkr undir áætlun. Tekjur vegna aðgangseyris eru 5,2% yfir áætlun ársins en aðsókn jókst um 9,1% milli ára. Tekjur vegna vöru- og veitingasölu eru 2.340 þkr yfir áætlun ársins sem hefur líka áhrif á kostnað vegna aðfanga. Launakostnaður nam 99.714 þkr sem er 5.687 þkr undir áætlun ársins. Annar kostnaður nam 189.595 þkr sem er 6.264 þkr hærri en áætlun ársins, þar af er innri leiga í Árbæjarlaugar 127.611 þkr. Kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu var 4.558 þkr hærri en áætlun. Kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar á búnaði var 1.674 þkr hærri en áætlun.

I5050 Grafarvogslaug

Rekstrarniðurstaða nam 154.681 þkr sem er 7.949 þkr eða 4,9% undir áætlun ársins.

Tekjur námu 101.677 þkr sem er 9.624 þkr yfir áætlun. Tekjur vegna aðgangseyris eru 5,3% undir áætlun ársins en aðsóknin dróst saman um 1,1% milli ára. Tekjur vegna vöru- og veitingasölu eru 11.112 þkr yfir áætlun ársins sem hefur líka áhrif á kostnað vegna aðfanga. Tekjur vegna skólasunds eru 1.021 þkr hærri en áætlun.

Launakostnaður nam 98.527 þkr sem er 9.144 þkr undir áætlun ársins.

Annar kostnaður nam 157.830 þkr sem er 10.819 þkr hærri en áætlun ársins, þar af er innri leiga í Grafarvogslaugar 101.282 þkr. Kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu var 10.707 þkr hærri en áætlun sem endurspeglast líka í hærri tekjum.

Íþróttamannvirki

I5031 Íþróttahús í Austurbergi

Rekstrarniðurstaða nam 41.225 þkr sem er 960 þkr eða 2,38% yfir áætlun ársins.

Á árinu 2011 var gengið frá samningi við Íþróttafélag Reykjavíkur um rekstur á húsinu. Samningur var síðan endurnýjaður í upphafi árs 2014. Frávikið á rekstri Íþróttahússins í Austurbergi má rekja til þess að endurnýjun og viðgerðir á búnaði tengdum húsinu hafa verið meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun vegna eins starfsmanns eru enn greidd af ÍTR en endurgreidd af ÍR.

I5051 Íþróttahús í Grafarvogi

Rekstrarniðurstaða nam 95.012 þkr sem er 2.087 þkr eða 2,25% yfir áætlun ársins. Rekja má það til þess að kostnaður vegna hita fór fram úr áætlun og þá var ófyrirséður kostnaður vegna viðhalds sem féll á ÍTR. Á árinu 2011 var gengið frá samningi við Fjölnir um rekstur á húsinu en samningurinn var síðan endurnýjaður í upphafi árs 2014.

I5220 Íþróttahús í Seljahverfi

Rekstrarniðurstaða nam 44.715 þkr sem er 754 þkr eða 1,72% yfir áætlun ársins.

Á árinu 2011 var gengið frá samningi við Íþróttafélag Reykjavíkur um rekstur á húsinu. Samningur var síðan endurnýjaður í upphafi árs 2014. Laun vegna eins starfsmanns eru enn greidd af ÍTR en endurgreidd af ÍR. Á árinu komu upp viðhaldsmál sem tengjast gólfþvottavél og markatöflu sem ÍTR þurfi að greiða.

I5240 Laugaból

Rekstrarniðurstaða nam 154.813 þkr sem er 8.788 þkr eða 6 % yfir áætlun ársins. Skýrist það af því að kostnaður vegna hita og rafmagns var 8.571 þkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2013. Þróttur og Ármann sjá sameiginlega um rekstur á íþróttahúsinu Laugarbóli.

I5080 Ylströnd

Rekstrarniðurstaða nam 51.586 þkr sem er 5.392 þkr eða 11,67% yfir áætlun ársins.

Tekjur námu 11.402 þkr sem er 2.282 þkr yfir áætlun. Tekjur vegna aðgangseyris eru aðallega vegna aukningar í aðgangseyri eða 2.673 þkr sem má rekja til aukinnar vetrarkortasölu. Þá voru tekjur vegna vöru- og veitingasölu 403 þkr hærri en áætlun.

Launakostnaður nam 22.714 þkr sem er 2.890 þkr. yfir áætlun ársins sem skýrist af aukinni þjónustu við sjósund yfir vertartímann.

Annar kostnaður nam 18.318 þkr sem er 4.848 þkr hærri en áætlun ársins. Kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu var 1.032 þkr hærri en áætlun. Kostnaður vegna heits vatns var 1.081 þkr yfir áætlun. Kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar var 1.191 þkr hærri en áætlun.

I5411 Gervigrasvöllur við Austurberg

Rekstrarniðurstaða nam 73.022 þkr sem er 1.878 þkr eða 2,5% undir áætlun ársins.

Kostnaður vegna orkunotkunar var 552 þkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir en vel hefur gengið að stýra orkunotkuninni á vellinum á árinu.

I5300 Siglingar í Nauthólsvík

Rekstrarniðurstaða nam 21.631 þkr sem er 1.228 þkr eða 6% yfir áætlun ársins.

Tekjur námu 5.222 þkr sem er 1.342 þkr hærri en áætlun sem skýrist af aukinni þátttöku í námskeiðum og meiri bátaleigu.

Launakostnaður nam 16.766 sem er 2.075 þkr hærri en áætlun.

Annar kostnaður nam 10.088 þkr sem er 495 þkr hærri en áætlun sem rekja má að öllu leyti til aukins viðhaldskostnaðar á bátum og tækjum.

I540 Þjónusta við félög

Rekstrarniðurstaða nam 51.914 þkr en áætlun gerði ráð fyrir 55.910 þkr er það 3.997 þkr eða 7,1% undir áætlun ársins. Áburður var þó 1.185 þkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Lækkun á kostnaði var fyrst og fremst vegna þess að kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu var lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Sameiginlegir liðir

I8000 Hátíðahöld 17. Júní

Rekstrarniðurstaða nam 15.401 þkr sem er 1.899 þkr eða 14,1% yfir áætlun ársins. Þá var launakostnaður 490 þkr yfir áætlun og kostnaður vegna listafólks 751 þkr yfir áætlun.

I8400-I8401 Fjölskyldu- og húsdýragarður

Rekstrarniðurstaða nam 157.606 þkr sem er 2.105 þkr eða 1,3% undir áætlun ársins.

Tekjur námu 163.361 þkr. sem er 13.089 þkr hærri en áætlun. Frávik má rekja að mestu til meiri tekna af veitingasölu.

Launakostnaður nam 194.714 þkr sem er 746 þkr lægri en áætlun. Á árinu var mikið starf unnið í því að nýta atvinnuáttaksstarfsfólk sem mest.

Annar kostnaður nam 126.252 þkr sem er 11.729 þkr hærri en áætlun. Frávik má að mestu rekja til aukinna kaupa á aðföngum í veitingasölu um 5 mkr. Orkukostnaður var 1,2 mkr hærri en áætlun. Kostnaður vegna endurnýjun og viðhalds áhalda og búnaðar var 3,6 mkr hærri en áætlun.

I8460 Sameiginlegur kostnaður

Rekstrarniðurstaða nam 3.052 þkr sem er 5.633 þkr eða 64,9% undir áætlun ársins.

Tekjur vegna tjaldstæðis í Laugardal eru 4.104 þkr hærri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Kostnaður er 1.529 þkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

I8461 Langtímaveikindi

Rekstrarniðurstaða nam 21.488 þkr sem er 6.128 þkr eða 22,19% undir áætlun ársins.

Langtímaveikindi voru minni á árinu en gert hafði verið ráð fyrir.

I8465 Leiga tölvubúnaðar – UTD

Rekstrarniðurstaða nam 21.204 þkr sem er 1.800 þkr eða 8,23% yfir áætlun ársins. Skýringin er að ÍTR hefur keypt á eigin kostnað mikið af búnaði sem nú þarfnast endurnýjunar. Þetta kemur sem kostnaður inn í rekstur ÍTR án bætingar í áætlun þannig að hagræða þarf fyrir þessum aukakostnaði.

I2010 Kynningar- og markaðsmál

Rekstrarniðurstaða nam 9.313 þkr sem er 187 þkr eða 1,97% undir áætlun ársins.

Skýrist það af tekjum vegna þessa liðar sem voru 375 þkr og ekki var gert ráð fyrir en auglýsingaskilti stóðu uppi í sundlaugum í um 3 mánuði.

I2020 Fræðsla starfsmanna

Rekstrarniðurstaða nam 2.067 þkr sem er 157 þkr eða 8,25% yfir áætlun ársins.

Styrkir

I9050 Húsaleiga borgarmannvirkja

Rekstrarniðurstaða nam 873.535 þkr sem er 4.576 þkr eða 0,5% yfir áætlun ársins.

Frávik má rekja til vanáætlaðrar innri leigu vegna ársins 2013.

I9320 Húsaleigu – og æfingastyrkir

Rekstrarniðurstaða nam 1.820.889 þkr sem er 5.656 þkr eða 0,3% yfir áætlun ársins.

Greiðslur til Keilusambands Íslands voru 3.325 þkr yfir áætlun sem skýrist af uppgjöri vegna ársins á undan og reikningum vegna meiri notkunar á brautum. Önnur frávik á styrkjaliðnum árið 2013 voru ekki teljandi.

I9340 Frístundakort

Rekstrarniðurstaða nam 377.599 þkr sem er 21.340 þkr eða 6% yfir áætlun ársins.

Ráðstafanir voru mun fleiri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins.

Strax í janúar var gerð grein fyrir því að allar líkur væru á því að kostnaður við Frístundakortið myndi fara u.þ.b. 25 mkr fram út fjárhagsáætlun. Hafa ber í huga að um opið kerfi er að ræða þar sem ekki er hægt að stýra nýtingu kortsins á neinn hátt. Foreldrar og forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára fá heimild til að ráðstafa kr. 25.000,- til Frístunda- og tómstundaiðkunar á árinu 2013.

Áætluð nýting á Frístundakortinu er um 75% fyrir árið 2013. Miðað við tölur frá Hagstofunni 1. janúar 2013 voru 18.507 börn á aldrinum 6-18 ára búsett í Reykjavík. Framlagið á hvert barn var 25.000 kr þannig að ef nýtingin á Frístundakortinu hefði verið 100% þá væri kostnaðurinn 463 mkr, en var í raunin var 345 mkr. Þar er því munur upp á 118 mkr. Lægsta nýtingin er á meðal 16-18 ára barna.

Hækkun á Frístundakortinu getur haft þau áhrif að nýting þess vaxi hraðar en gert hefur verið ráð fyrir sem gerir áætlunargerð óáreiðanlegri og þar með útgjöld ÍTR nema aukin fjárveiting komi til.

Þegar Frístundakortinu var komið á í upphafi var ekki gert ráð fyrir að hægt yrði að nýta það í niðurgreidda þjónustu á vegum borgarinnar. Þrátt fyrir það hafa skólahljómsveitir verið aðilar að kortinu frá upphafi. Á árinu 2009 var samþykkt að leyfa ráðstafanir í frístundaheimili borgarinnar. Bent var á að ráðstafanir myndu aukast við þessa aðgerð þar sem stór hluti af 6-9 ára árganginum væri í frístundaheimilum ÍTR. Ekki var gert ráð fyrir auknum ráðstöfunum eða fjármunum þrátt fyrir ábendingar. Þegar Frístundakortinu var komið á árið 2007 var gert ráð fyrir að nýting þess yrði í byrjun í kringum 65% en myndi fara vaxandi. Nýtingin hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár án þess að fjárhagsáætlun tæki tillit til þess og var komin í 75% árið 2013. Ekki er réttlætjanlegt að almennur rekstur ÍTR þurfi að draga saman seglin til að taka á sífellt aukinni nýtingu í kerfi þar sem ekki er mögulegt að stýra fjárútlátum með góðu móti.